Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 23. fundur verkefnahóps BsVest haldinn fimmtudaginn 20 .nóvember 2012 kl. 13:00. Fundurinn var símafundur, mætt voru Arnheiður Jónsdóttir, formaður, Elsa Reimardóttir, Guðný Magnúsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Margrét Geirsdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár

1. Áætlun um greiðslur sveitarfélagana til BsVest á árinu 2013.

Framkvæmdastjóri kynnti áætlun um framlög Jöfnunarsjóðs og sveitarfélaga byggðasamlagsins. Miðað er við hækkun útsvars um 4,5 % en bíða þarf eftir áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem verður kynnt í desember n.k..

Formaður kynnti samantekt á rekstri félagsþjónustusvæðanna samkvæmt áætlunum sveitarfélaganna sem kynntar voru á síðasta fundi. Sett fram með fyrirvara að áætlanir eru enn í vinnslu.

2. Fjárhagsáætlun félagsþjónustusvæðanna fyrir árið 2013.
    a. Fjárhagsáætlanir svæðanna

Formaður kynnti afstöðu stjórnar BsVest, frá fundi 26. nóvember um að í fjárhagsáætlanagerð verði ný þjónusta dregin út til samanburðar við fyrra ár. Þessi aðferð einfaldi fjárhagsáætlunargerð fyrir BsVest. Fram kom að þetta skapi aukna vinnu félagsþjónustusvæðanna. Tillaga formanns er að þessari samantekt verði skilað inn 5. desember og kynnt á fundi stjórnar 10. desember n.k..

    b. Einstakir þættir áætlananna

Rætt um framsetningu einstaka þátta inna fjárhagsáætlana, m.a. að samræma þarf framsetningu kostnaðarliðsins húsaleigu fyrir skrifstofu.

3. Framkvæmdaráætlun í málefnum fatlaðs fólks.

Formaður kynnti svör við fyrirspurn Velferðarráðuneytis varðandi framkvæmd sveitarfélaganna innan framkvæmdaáætlunar er varðar liði C3,C4,C8 og C9. Óskað eftir að kynna efni fyrirspurnar á næsta fundi.

4. Skýrsla Capacent.

Kynnt efni skýrsludraga frá Capacent sem eru vinnslu en stefnt að skilum fyrir stjórnarfund 10. desember n.k..

5. Fyrirspurn frá síðasta fundi um sofandi næturvaktir.

Formaður kynnti minnisblað um „sofandi næturvaktir“ samkvæmt tillögu 22. fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.30